

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar  
Kristinn Pálsson  
Berist til: [skipulag@mos.is](mailto:skipulag@mos.is)

**Efni: Vegna tilkynningar um staðfangabreytingu húsa og fasteigna við Háholt.**

Ég hef móttengið tilkynningu um staðfangabreytingu húsa og fasteigna, með vísan til reglugerðar um skráningu staðfanga, sem væntanlega á að vera rgl. nr. 577/2017 í stað 557/2017.

Skv. tilkynningu þá kemur fram að bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafi samþykkt breytingu þessa á fundi sínum 10. janúar 2018. Ég sem húseigandi geri verulegar athugasemdir við að hafa ekki fengið þessar upplýsingar fyrr en nú með bréfi dagsettu 16. mars sl. Í húsnæðinu eru mörg þekkt fyrirtæki sem hafa lagt út í kostnað til að kynna sig og að staðsetning fyrirtækjanna sé í Háholt 14, Mosfellsbæ. Með breytingu þessari verða þessi fyrirtæki öll fyrir miklum kostnað svo og verulegum óþægindum og hafa lýst óánægju sinni við undirritaðan fyrir hönd leigusala og ekki síst með að fá þessar upplýsingar með svo skömmum fyrirvara. Forsvarmenn fyrirtækjanna sjá engin knýjandi rök fyrir þessum breytingum, aðeins gífurlegan kostnaðarauka að þurfa að breyta öllum sínum kynningarefnum og auglýsa nýtt heimilisfang.

Gatan Háholt svo og Háholt 14 eru mjög þekkt heimilisföng jafnt innan sveitarfélagsins svo og utan þess og er því mótmælt að öryggi íbúa sveitarfélagsins verði betra með þessum breytingum. Þvert á móti muni þetta aðeins valda ruglingi og aukakostnaði eins og fyrr segir.

Jafnframt hef ég sem eigandi húsnæðisins lagt út í tölvuverðan kostnað við merkingu hússins, Háholt 14, Mosfellsbæ og óska eftir upplýsingum um hvort Mosfellsbær taki þátt í kostnaði við gerð nýrra merkja um húsnúmer og götuheiti svo og þeim kostnaði sem fyrirtækin í húsinu þurfa að bera til að gera nýjar auglýsingar, kynningarefni, skráningar, bréfsefni og annað.

Með vísan til alls ofangreinds er þess óskað að af breytingum þessum verði ekki.

Virðingarfyllt  
f.h. Hengils ehf.  
Björgvin Jónsson.

*Málsnúmer: 202302634/KP*